

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 2. mars 2014 - 28. mars 2015

Skýrsla lesin á aðalfundi Nýlistasafnsins 28. mars 2015, Völvufelli 13-21, 111 Reykjavík.

Innri starfsemi:

Fastir starfsmenn á tímabilinu:

Þorgerður Ólafsdóttir (formaður stjórnar og safnstjóri, 80% starfshlutfall) – býður sig áfram í formann.

Eva Ísleifsdóttir (safneignarfulltrúi, 60% starfshlutfall) – lætur af varaformennsku, heldur áfram starfi sínu sem safneignarfulltrúi.

Ragnheiður Káradóttir (starfsmaður safneignar, 80% starfshlutfall), kom til Nýló með stuðningi frá Vinnumálastofnun þann 14. febrúar og vann í gjafabréfum Nýló til loka júlí.

Kolbrún Ýr Einarsdóttir (framkvæmdastjóri, 60% starfshlutfall), tók við starfinu þann 1. júlí af **Þorgerði Ólafsdóttur** sem sinnti einnig stöðu framkvæmdarstjóra í 4 mánuði eftir síðasta ársfund. Kolbrún var einn af 8 umsækjendum sem að sóttu um stöðu framkvæmdarstjóra og ein af fjórum sem stjórn ákvað að bjóða í viðtal. Þeir sem sátu starfsviðtalið fyrir hönd Nýló ásamt formanni voru Eva Ísleifsdóttir safneignarfulltrúi, Margrét Áskelsdóttir gjaldkeri stjórnar, Ragnheiður Káradóttir þá starfsmaður safneignar, Logi Bjarnason varamaður í stjórn. Vegna persónulegra tengsla formanns við tvo umsækjendur tók formaður ekki þátt í atkvæðagreiðslu um ráðningu framkvæmdarstjóra.

Starfsmenn í sérstökum verkefnum

Unnar Örn og Heiðar Kári Rannversson voru ráðnir til að sjá um sýningu og útgáfu *S7 Suðurgata – Árbær (ekki á leið)* sem opnaði þann 31. maí á Listahátíð. Verkefnið er samstarf Minjasafns Reykjavíkur og Nýló og var sett upp í húsinu sem áður hýsti starfsemina í Suðurgötu 7.

Arnar Freyr Guðmundsson hefur starfað sem grafískur hönnuður safnsins frá því á sýningunni Embracing Impermanence í september 2013. Hann hefur séð um allar merkingar safnsins í nýju heimkynnum sínum, gerð nýrrar heimasíðu Nýló, allar sýningaskrár sem og hönnun S7, nýjstu útgáfu á vegum safnsins.

Ármann Agnarsson sér um hönnun og uppsetningu næstu útgáfu - Frumkvæði Listamanna, verkefni sem fór af stað í tengslum við Arkíf um Listamannarekin rými. Sú vinna er komin ágætlega í gang og ef vel gengur að fjármagna útgáfuna kemur hún út á næsta ári.

Hugi Hlynsson sá um forritun nýrrar heimasíðu Nýló sem og fjáröflunarsíðu Nýló.

Jón Örn Loðmfjörð hefur nú tekið við og vinnur í að yfirfæra eldri gögn inn á nýju síðuna.

Heiðrún Harðardóttir tók við sem bókari Nýló af **Þórólfi Árnasyni** sem að hafði framan af séð um bókhaldsmál safnsins ásamt framkvæmdarstjóra. Þær breytingar urðu að launaútreikningar færðust yfir á bókaran frá og með júlí 2014. Áhersla var í staðinn lögð á markvissa dreyfingu bóka og útgáfa á vegum Nýló hjá framkvæmdarstjóra sem hefur skilað sér afar vel.

Kristín María Sigþórsdóttir var ráðin sérstaklega sem framkvæmdarstýra uppboðsins sem fór fram í Safnahúsinu 19. - 23.nóvember 2014.

Ólafur Ingi Jónsson, forvörður Listasafns Íslands og **Jeannette Castioni** eru eins og áður þeir forverðir sem safnið leitar til varðandi öll þau mál sem snúa að umönnun verka í eigu Nýló.

Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísarsdóttir sem vann að sýningarstjórn Sýningu hinna glötuðu verka ásamt stjórnarliðum, þeim Loga Bjarnasyni og Evu Ísleifs.

Becky Forsythe list og safnafræðingur, hóf að koma til okkar í sjálfboðavinnu í janúar. Hún vinnur við ýmisleg verkefni sem snúa að enskum textum og þýðingum ásamt því að yfirfæra gjafabréfin. Við vonumst eftir því að geta sótt um styrk fyrir ráðningu Becky í einhvern tíma út af því að hún er bara frábær.

Mikilvægir ráðgefandi aðilar hafa verið **Ásmundur Hrafn Sturluson** arkitekt sem skipulagði uppsetningu rýmisins á neðri hæð Nýló í Völvufelli. Hann hefur einnig umsjón með útfærslu rýmisins í Bankastrætis núll, Nýló Núllið, sem verður tekið í gagnið núna í vor. Ennfremur hefur Ásmundur verið potturinn og pannan í öllu því sem viðkemur hugmyndum um Marshall húsið út á Granda sem ég mun fara nánar út í á eftir.

Aðrir sem veitt hafa gott liðsinni við ýmisleg verkefn utan stjórnar, og þá helst uppsetningu nýs verkefnarýmis á efri hæðinni eru **Unndór Egill Jónsson, Kristín Rúnarsdóttir, Örn Alexander Ámundason, Una Margrét Árnadóttir** og **Rebecca Erin Moran**.

Stjórnarliðar hafa staðið sig afar vel í öllum þeim ákvarðanatökum og stórtækum skrefum sem að Nýló hefur tekið á árinu. Þetta ár var ekkert grín og getur stjórn verið stolt af sínu.

Lærlingar

Rémi Fay franskur tónlistarmaður kom sem skiptinemi í fjóra mánuði frá upphafi árs 2014. **Erin Honeycutt** frá Bandaríkjunum kom vikulega til okkar í 4 mánuði frá janúar og sinnti skráningu inn á Sarp áður en safnið flutti.

Wiola Ujazdowska frá Póllandi var hjá okkur í sex mánuði, eða frá 4. feb - 4. september. Wiola hefur nú flutt til Reykjavíkur og starfar á ýmsum sviðum myndlistar.

7 manna hópur frá **Seeds** kom í tvær vikur um miðjan mars 2014 og aðstoðaði okkur að pakka inn safneigninni undir skipulagðri og agaðri handleiðslu Evu Ísleifsdóttur.

Matilde Concu frá Ítalíu og **Aino Pohjola** frá Finnlandi voru frá maí til ágúst, þeirra verkefni snéru helst að safneigninni og aðstoðuðu okkur við að flytja og koma okkur fyrir í Breiðholtinu.

Becky Hung er frá Taipei í Tævan og kom til okkar 17. febrúar og verður hjá okkur næstu þrjá mánuði.

Húsnæðismál

Á haustmánuðum 2013 varð stjórn ljóst að Rauðsvík ehf, leigusalar Nýló á Skúlagötunni og fasteignafélag í eigu Aríonbanka, ætluðu að öllum líkindum ekki að virða fyrri samninga og loforð um áframhald safnsins á Skúlagötunni. Grunur var þegar vakinn hjá stjórn að aðstaða safneignar á Skúlagötunni væri ekki hagkvæm fyrir framtíðarviðveru, og stæðist líklega ekki tilsett skilyrði varðandi nýjustu safnalögin. Formaður stjórnar ráðfærði sig m.a. við Hallgrím Stefán Sigurðsson byggingaverkfræðing sem tók grófa úttekt á Skúlagötunni og niðurstaða hans var að allt innra rýmið, þar sem starfsaðstaðan og geymslurýmið fyrir safneignina, lægi undir alvarlegum skemmdum og til þyrfti rótækar og kostnaðarsamar aðgerðir til að laga húsnæðið. Stjórn var tilbúin til að ráðast í það verkefni með leigusölum og gerði úttekt á rýminu þar sem þeim var bent á það sem nauðsynlega yrði að laga. Rauðsvíkurmönnum var fremur brugðið að sjá raunástands hússins og vildu funda betur með sínum mönnum áður en næstu skref voru ákveðin varðandi leigusamning. En stuttu seinna fékk safnið póst þar sem Rauðsvík tilkynnti að þeir ætluðu ekki að ráðast í lagfæringar á rýminu og leigan myndi hækka um 25% eftir október 2013 og var þá komin uppí rúmlega 400þús. Guðmundur Pálsson sem var í forsvari fyrir Rauðsvík ehf, tjáði stjórn að markmiðið var að hækka leiguna áfram sumarið 2014 í 600þús - og stefna svo á milljón í leigu - þar sem gatan var orðin púlsandi æð í miðbæjarkreðsunni

Eftir miklar viðræður við lögfræðingana okkar hjá Rétti, og samantekt á öllum kostnaði við að koma Skúlagötunni í stand og gera sýningarhæft, utan allrar sjálfboðavinnu stjórnar og fulltrúa Nýló - ákvað stjórn að halda aftur af sér leigu frá og með 1. febrúar 2014 og með því minnka eigin útlagðan kostnað sem var í kringum 6 milljónir. Rauðsvík tók óstynt í þetta útspil og setti lögfræðinga sína í málið eins og við mátti búast. Við tóku nokkrir mánuðir þar sem stjórn leitaðist við að ná sanngjarnri lendingu í þessu máli. Dróg lítið til tíðinda nema bréfasendingar frá lögfræðingum Rauðsvíkur þar til hótað var útburði dagsettum 6. júní 2014 kl. 9 um morguninn, daginn eftir að sýningu Hreins Friðfinnsonar lauk. Einnig sendi Rauðsvík Nýló leiguseðil fyrir öllum júnímánuði. Ennfremur hafði Rauðsvík falið lögfræðingum sínum að stefna Nýló fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur vegna vanskilagjalda á leigu. Þar með var Rauðsvík að ganga á bak orða sinna að leyfa Nýló að klára frágang sýningar Hreins sem og geta flutt greiðlega úr Skúlagötunni.

Stjórn fundaði vel og lengi og ákveðið var að formaður skyldi senda Höskuldi Ólafssyni, bankastjóra Aríonbanka bréf með viðleitni til sátta þar sem framferði lögfræðinganna

væri komið út í öfgar. Ef að bankinn myndi ekki bregðast skjótt við bréfinu myndi stjórn upplýsa fjölmiðla um hótun lögfræðinga Rauðsvíkur sem var og gert. Augljóst er að fréttaumfjöllunin barst til eyrna Höskuldar þar sem hann var staddur erlendis, Stefán Pálsson rekstrarstjóri fjármálasviðs Arionbanka, svaraði því bréfi formanns og bað hana um að koma á sáttafund með sér og fulltrúum frá Rauðsvík. Þorgerður mætti ásamt Kára Hólmari Ragnarssyni, lögfræðingi Nýló þar sem málin voru útkljáð með Stefáni ásamt Inga Guðmundssyni, framkvæmdarstjóra Landey - Rauðsvík. Samið var um að þessar leigugreiðslur yrðu látnar niður falla og að stjórn fengi að flytja ótruflað úr húsnæðinu og þar með væri málinu lokið án allra eftirmála. Ef að stjórn hefði hinsvegar hug á að sækja beint fé til Arionbanka vegna afgangskostnaðar við standsetningu rýmisins, gætum við sótt um styrki hjá bankanum en þá myndi Arionbanki gerast styrktaraðili Nýló.

Stjórn ákvað að sættast á þessa skilmála en að bíða með að sækja um beinan fjárstyrk til bankans.

Safnalög og húsnæði

Þann 17. febrúar 2014 var Nýlistasafnið samþykkt sem safn af hinu opinbera með fyrirvara um úrbætur á húsnæðismálum safnsins fyrir lok árs 2014. Sú staðreynd að húsnæðið á Skúlagötunni stóðst í ekki tilsett skilyrði eins og kom í ljós og átti einungis eftir að hækka í leiguverði án þess að leigusalar ætluðu að aðhafast eitthvað, gerði það að verkum að stjórn fór afar fljótt að hugsa um skynsamlegt húsnæði fyrir safneignina. Allir fálmar voru settir út og duttum við þónokkrum sinnum á mögulegt rými sem gekk ekki upp sökum fjárhags eða aðstæðna viðkomandi húsnæðis: Ægisgata 7, Hverfisgata 56.

Stjórn var fljótt ljóst að afar erfitt og nær óraunhæft væri að halda safneigninni saman við sýningarýmið á ört hækkandi leigu- og fasteignamarkaði. Mikilvægar ákvarðanir voru því teknar um að flytja starfsemina af hinum almenna leigumarkaði og vonin er sú að framtíðarstjórnir fari ekki aftur með Nýló inn í þann vítahring og endavitleysu, sérlega í ljósi undangenginnar reynslu varðandi Skúlagötuna og Laugaveginn. Markmiðið var að finna fyrst öruggt húsnæði undir safneignina til lengri tíma sem væri ódýrt og hentugt fyrir safnið og fór stjórn því að líta til úthverfana, þá helst Breiðholtið. Einnig var möguleiki á að flytja safneignina í risið á Korpulfsstöðum í samkrúðl við SÍM eins og rætt var um á síðasta ársfundi en svo bauðst okkur að skoða rými í Völvufelli sem þótti mun hentugra og á viðráðanlegu verði.

Um miðjan maí 2014 gerði Nýló og Reykjavíkurborg með sér samning um neðri hæðina á Völvufelli 13-21. Samkomulagið er að Reykjavíkurborg leigir húsnæðið fyrir safnið og greiðir helming af leigunni á móti Nýló. Nýló greiðir því um 150þús krónur í leigu fyrir tæplega 400 m² húsnæði sitt í Breiðholtinu. Leigusamningurinn var undirritaður í júní 2014 og gildir til 5 ára, eða þar til júní 2019 þegar Nýló gefst færi á að endurnýja samninginn, á sömu kjörum, til fimm ára í viðbót eða til 2024. Gengið er út frá því að samningar verði endurskrifaðir á fimm ára fresti svo lengi sem að húsnæðið henti starfseminni og Nýló kys að dvelja hér áfram.

Nýló er að ganga frá starfsleyfinu fyrir starfsseminu í Breiðholti og hefur gert allar tiltækar ráðstafanir í samstarfi við Reykjavíkurborg til að mæta kröfum frá heilbrigðis- og byggingaeftirliti. Það eru m.a. ströng ákvæði sem snúa að öryggi safneignarinnar og var því tekin ákvörðun að kaupa öryggiskerfi með öllum tiltækum skynjurum. Eins er verið að gera ráðstafanir varðandi aðgengi hreyfihamlaðra og svo er hér tiltæk neyðaráætlun ef að allt fer í vitleysu. Gott er að undirstrika mikilvægi þessara hluta þar sem safnið getur ekki sótt um styrki til Safnaráðs nema að það sé viðurkennt safn og með starfsleyfi í góðu lagi.

Verkefnarýmið, Breiðholti

Stjórn ákvað eftir að hafa komið safneigninni fyrir á neðri hæðinni, að standsetja rýmið fyrir ofan og breyta því í verkefnarými á meðan að varanlegri sýningaaðstaða væri enn óstaðfest, að sitja s.s. ekki auðum höndum hvað sýningar varða. Ráðist var í að rutta öllu út hér fyrir ofan en bakarísbúð hafði áður verið í rýminu. Hent var rúmlega 5 tonnum af plastklæðningu, steypu og kleinufitu og Borgin setti tvo smíði í málin til þess að hjálpa til við fráganginn, byggja vegg og mála. Viðbrögðin í hverfinu eftir að safnið opnaði hafa ekki látið á sér standa, mikill nágrannahugur er í fólki og gestakomur eru tíðari heldur en á Skúlagötunni. Þá hefur áhorfendahópur safnsins töluvert stækkað og breikkað, ungir krakkar og unglingar eru tíðir gestir sem og eldri borgarar, foreldrar líta við með börnin eftir að hafa sótt þau úr skóla og nóg er af spurningum um samtímamyndlit. Sú ákvörðun að nýta hafa færri sýningastarfseminu tímabundið í Breiðholtið hefur því haft afar jákvæð viðbrögð og flýtt fyrir aðlögun safnsins í hverfinu.

Nýló er ekki að leggja neina peninga í rýmið fyrir utan auðvitað vinnu, sýningabúnað eins og ljós, myndvarpa ofl. Leigusamningurinn er tímabundinn við Reykjavíkurborg og þarf Nýló að samþykkja nýja leigendur í framtíðinni þegar safnið færir sýningastarfsemi sína annað. Leigugreiðslur eiga að vera um 100.000 á mánuði en við höfum ekki enn fengið neina rúkkun og erum í viðræðum við borg að greiða enga leigu fyrir rýmið uppi, m.a. vegna Núllsins sem ég mun fara nánar út í hér á eftir.

LIFANDI SAFNEIGN

Með flutningunum upp í Breiðholt fékk safneign Nýlistasafnsins aukið rými og þar með talið lítið sýningarrými. Safneignin og sú hliðarsaga sem skráð er í heimildasöfn Nýló er kjörin vettvangur rannsókna á myndlist og þá sérlega þeirrar sem að gerðist í og kringum Nýló. Eitt af hlutverkum þessa nýja rýmis, fyrir utan að vera gluggi að safneign og sögu Nýló, er að bjóða upp á og leita eftir samstarfi við fræðimenn, sýningarstjóra, listamenn og nemendum. Margt er enn órannsakað í safneign og heimildasöfnum Nýló og bíður nýja sýningarrýmið upp á marga möguleika og mismunandi nálganir að verkum og sögu safnsins. Nýló stefnir á að setja upp þrjár safneignarsýningar á ári í rýminu sem er helgað verkum í safneign og hefur jafnframt hlotið titilinn *Lifandi Safneign*. Rýmið inniheldur einnig aðstöðu fyrir einstaklinga sem vilja rannsaka heimildasöfnin. Inn á Sarp má nálgast sýningarnar sem settar hafa verið upp í Lifandi Safneign. Fyrsta sýningin hét Blind Naviagtíon / Blind Stefna og var unnin í samstarfi við

norsku listakonuna Önnu Ihle. Sýningin sem opnaði í janúar ber heitið Súrrealisminn lifir og er fyrsta sýningin af þremur úr verkefninu Konur í Nýló. Eva Ísleifsdóttir safneignarfulltrúi sá um sýningarstjórn.

Starfsmenn finna fyrir auknum áhuga á Nýlistasafninu eftir flutninga og höfum við tekið á móti fjölda skólahópa frá öllum mögulegu menntastigum. Gefnar eru vikulega leiðsagnir um safneignina, heimildarsöfnin og yfirstandandi sýningarnar. Unnið er að því að móta fræðsluhlutverk safnsins enn frekar á þessu sviði og aðlaga betur.

SKRÁNING

Eitt af langtímamarkmiðum Nýlistasafnsins er að koma safneign sinni fyrir þannig að hún sé aðgengileg og að heimildir og arkíf safnsins nýtist rannsakendum sem best. Nýlistasafnið hefur nú lokið við að yfirfæra skráningu á safneign sinni í miðlægan gagnagrunn safna Sarpur 3.0. Eftir flokkun og skráningu síðustu ára kemur sífellt betur í ljós mikilvægi safneignarinnar hvað íslenska samtímalistasögu varðar og hversu margvísleg rannsóknarverkefni liggja fyrir sem og brýn betrumbæting á skráningu.

Heimildarsöfnin - Listamannarekin rými & Gjörningaarkífið

Sótt var um styrk frá Safnaráði fyrir skráningu heimildasafnanna en sá styrkur hlaut ekki og verður því aðeins meiri bið á því stóra verkefni. Arkífin eru einungis skráð í möppur og á tölvutæku formi í safninu. En hvert ár bætist stórlega við arkífin og stefnt er að uppfæra þau og færa yfir í miðlæga gagnagrunn safna Sarp. Sérstök áhersla er á Listamannarekin Rými þetta árið vegna væntanlegrar útgáfu sem unnin er fyrst og fremst út frá því heimildarsafni.

VERKEFNI Í SAFNEIGN 2015 - 2016 / Heimildarsöfn, rannsóknaraðilar og fræðsla

Konur í Nýló

Árið 2014 fékk Nýló styrk frá Safnasjóði fyrir verkefninu; Kynjaslagsíða á safnavettvangi - Konur í Nýló. Hafist var handa við að gera útekt á stöðu söfnunar á verkum eftir myndlistarkonur. Vegna misræmis í hlutfalli verka eftir kven- og karllistamenn í safneign Nýló, hefur stjórn endurskoðað söfnunarstefnu sína og lítur fyrst og fremst til kynjaslagsíðu þegar verk eru tekin inn í safneign. Sú staðreynd að Nýló hefur núna haldbæra sýn á verkæign sinni skilar af sér markvissari söfnunarstefnu. Stjórn hefur því gert plan um að kalla á eftir verkum í safneign Nýló eftir listakonur sem að hafa átt sterkt erindi inn á safnið gegnum tíðina með það að leiðarljósi að mynda heilsteyptari og réttari sögu. Í ljósi þessa átaks hefur stjórn tileinka árið 2015 til kvenna í Nýló og setur alls upp þrjár sýningar á verkum eftir listakonur í Lifandi Safneign.

Aðrar sýningar og verkefni

BÓKVERKIÐ; er sýning og verkefni sem Nýló og Heiðar Kári Rannversson listfræðingur munu vinna að saman 2015-2016. Verkefnið snýst um að rannsaka, greina og sýna

Íslensk bókverk (e. artists' books) úr safneign Nýlistasafnsins og setja í sögulegt og fræðilegt samhengi við bókmenningu á Íslandi.

Nýló kvaddi einn af stofnmeðlimum sínum á síðasta ári. Frá því á sýningunni Embracing Impermanence hefur verið mikill áhugi á að halda sýningu með verkum Ólafs Lárussonar í safneign Nýlistasafnsins, líklegt er að sú sýning fari fram árið 2016.

Nýló hefur verið í viðræðum við Konsthall C, listamannarekið rými í Hökaringen, úthverfi í Stokkhólm en þau hafa mikinn áhuga á arkífunum okkar og að mynda samstarf við stjórn.

FORVÖRSLUVERKEFNI

Ívar Valgarðsson kom með verk sem hann sýndi á einkasýningu sinni árið 1983 þegar Nýló var á Vatnsstígnum. Verkin gaf hann Nýló en af einhverjum ástæðum urðu þau eftir í geymslu á Korpúlfsstöðum. Verkin eru illa farin og munum við vinna að því í samráði við Ólaf Inga forvörð og Ívar að gera við verkin og sýna þau á næsta ári. Einnig kom Eggert Pétursson með fjögur málverk frá árunum 80 - 81 sem að safnið átti og voru sýnd í Nýló en týndust svo. Eggert kom sjálfur með verkin í fyrra eftir að hafa fundið málverkin og gert við þau og gaf þau safninu aftur formlega.

SAFNEIGNARFULLTRÚI

Eins og brýnt var fyrir á síðasta ársfundi verður ekki aftur snúið varðandi starf safneignarfulltrúa. Munum við reyna að koma því inn á næstu fjárlög hjá safninu svo að Nýló geti haldið úti þessum þriðja og gífurlega mikilvæga starfsmanni allt árið.

ENDURÚTGÁFA Á GJAFARBRÉFUM

Farið var í það mikla verkefni að uppfæra gömlu gjafarbréf Nýló fyrir rúmu ári en hún Becky Forsythe hefur tekið við því verkefni eins og áður kom fram, eftir að Ragnheiður Káradóttir hélt út til náms. Gengur sú vinna afar vel.

LÁN Á LISTAVERKUM ÚR SAFNEIGN / Lán innanlands

Verk í eigu Nýló eftir Dieter Roth frá sýningunni Hnallþóra í sólinn í Skaftfelli voru einnig sýnd í Hafnarborg á síðasta ári. “Flute” eða “Lyktarorgelið” frá 1965 eftir Dieter Roth var lánað á sýningunni Hljómfall Litar og Línu sem opnaði í LR í janúar 2014. Verkið “GOD” eftir Ragnar Kjartansson var lánað á sýninguna Þín samsetta sjón - Úrvalsverk úr safneigninni 1970 – 2010 í LR. Listamenn hafa einnig verið að fá verk sín lánuð til sýningar og ljósmyndunar eins og vanalega.

Sýningar – útlán erlendis

Mikil eftirspurn hefur verið í safneign Nýlistasafnsins fyrir sýningar erlendis. Má þar nefna sýningarnar; Alasdair Gray Season: Spheres of Influence II í Glasgow School of Art Gallery, en á þá sýningu lánuðum við verk úr safneign eftir Dorothy Iannone. Verkið “Flute” eða “Lyktarorgelið” eftir Dieter Roth var lánað á sýninguna AND AWAY WITH

THE MINUTES, Dieter Roth and Music sem sýnd var í Kunsthaus Zug og fór áfram til The National Museum í Berlín.

NÝ VERK Í SAFNEIGN

20 ný verk bættust við safneign Nýlistasafnsins árið 2014 og er listinn komin inn á heimasíðu safnsins, verkgjafirnar eru aðalega frá listamönnum sem tóku þátt í verkefnum á síðasta ári sem og frá stjórnarmeðlimum.

SARPUR

Þann 18.mars 2014 sendi formaður stjórnar bréf til fulltrúa Nýló og upplýsti að stjórn hefði tekið ákvörðun um að birta upplýsingar um safneign sína á ytri vef Sarps eins alltaf var stefnt að.

Rekstrarfélag Sarps hlaut Íslensku safnaverðlaunin á síðasta ári fyrir sarpur.is sem er ytri vefur skráningarkerfisins Sarps en vefurinn býður upp á leit í safnkosti yfir 50 safna á Íslandi. Í tilkynningu frá umsögn dómsnefndar safnaverðlaunanna sagði m.a. *ytri vefurinn er gátt inn í skráningarkerfi safna þar sem upplýsingar um safnkost þeirra er að finna. Ytri vefur Sarps er bylting í aðgengi almennings að upplýsingum um menningararfinn og skapar tækifæri fyrir alla sem hafa áhuga á safnkosti landsins og eykur möguleika á rannsóknum á íslenskum menningararfi. Vefurinn gefur almennungi tækifæri til að bæta við þekkingarbrunninn í gegnum sérstakt athugasemdakerfi. Gagnasafnið er því lifandi og kvikt, tekur sífellt við nýjum upplýsingum, stækkar og batnar meðal annars með myndvæðingu þess. Ytri vefur Sarps er mikilvægur til þess að söfnin í landinu séu virkir þátttakendur í upplýsingasamfélaginu og opnar gátt milli almennings og safna.*

Síðan að Nýló fór að birta skráningu sína á sarp hefur safneignafulltrúi fengið fjölda jákvæðra athugasemda frá listamönnum og fulltrúum safnsins sem hafa stórlega bætt skráningu og upplýsingar um verk í eigu safnsins.

Undanfarin ár hafa stjórnir Nýló ályktað um mikilvægi þess að vera hluti af Sarpi eftir að það varð ljóst að virtual collection var ekki að standast tilsett skilyrði sem safnmunaskrá og gagnagrunnur. Tilgangur ytri vef Sarps hefur ótvírætt fræðslu og upplýsingagildi ekki bara í þágu myndlistar og listasöguna í landinu heldur fyrir almenning. En það eru uppi deilur um túlkun laga sem snúa að ytri birtingu myndefnis á Sarpi. Sarpur er nú skilgreindur sem safnmunaskrá langflestra safna á Íslandi. Ytri myndbirting á Sarpi er í formi þumlastærðar, með vatnsmerki viðkomandi safns og Sarps.

Myndstef hefur hótáð lögsóknum á hendur tveimur listasöfnum og 100% álagningu vegna birtingu þeirra á Sarpur.is. Myndstef hefur ekki viljað viðurkenna ytri birtingu safna sem hluta af safnmunaskrá heldur skilgreinir hana sem almenna birtingu eins og

um væri að ræða í gróðraskyni, án þess að taka tillit til fræðslugildis, hlutverks og lagalegum skyldum safna að veita almenningi aðgengi og upplýsingar um safnkost sinn. Til þess að útskýra betur þessi lög að þá stendur í 3 málsgrein 25.gr.

höfundarréttarlaga, að söfnum er heimiluð birting mynda af listaverkum í safnmunaskrá listasafna. Vegna mikilvægi sarps.is, fyrrgreindra aðgerða Myndstefs og þessu misræmi í túlkun hafa þau listasöfn sem eru aðildarsöfn að Sarpi leitað sér ráða hjá Hjördísi Halldórsdóttur hjá LOGOS, sem er sérfræðingur í höfundarrétti.

Stjórn hefur mikið rætt þessi mál og velt ýmsum atriðum fyrir sér. T.a.m. að Myndstef virðist vera að ganga röðina að stefna söfnum, fyrst ASÍ og nú Hafnarborg, gæti það ekki þýtt að stutt sé að Nýló fái sjálft kröfu? Einnig hafa vinnuaðferðir Myndstef þótt fremur harkalegar sem hagsmunasamtök listamanna. Framferði þeirra er í nafni okkar sem t.d. hér sitja. Er það í hag listamanna að listasöfnum sé hótað lögsóknum og margfaldri álagningu fyrir þær sakir að kynna og fræða almenning um myndlistina í landinu? Hvar liggja raunverulega hagsmunir listamanna hérna? Ef Nýló skilur afstöðu stjórnar SÍM rétt, að þá stendur sú stjórn með Myndstef í þessu máli útfrá forsendum kjarabaráttu listamanna. En stjórn Nýló telur að það eigi ekki við hér, heldur sé verið að rugla hlutum saman og grafa í eigin garði. **Fyrsta** skrefið væri vitanlega að krefjast aðkomu ríkisins og skýrari túlkun lagastafs áður en sverðin séu brýnd.

Bæði ASÍ og Hafnarborg hafa nú neyðst til að semja við Myndstef um sinn til þess að forðast lögsóknir, en gera svo án þess að viðurkenna réttmæti kröfu Myndstefs. Söfnunum er settur fótur fyrir dyrnar þar sem að þau eru rekin með almannafé. Fyrir 500-1.000 verk er söfnunum gert að greiða 300.000 ISK og má búast við tvöfaldri upphæð ef að verkfjöldi sé helmingi hærrí. Aðildarsöfnin að Sarp greiða nú þegar töliverða upphæð til þess að geta nýtt sér gagnasafnið án þess að ráðuneyti hafi bætt við fjármagn til safnanna út að því að ávinningurinn, að mati safnanna fyrir listina í landinu, er gífurlega þarfur og mikilvægur. Augljóst er að ef Nýló verður hótað lögsókn líkt og hinum söfnunum að þá verði stjórn að fjarlægja alla ytri birtinguna og þar með neyðast til að endurskoða stefnu sína sem lifandi safneign.

Stjórn Nýló tók því ákvörðun að ef svo vildi til að einhver fulltrúi eða listamaður sem hefur gefið safninu verk, vilji ekki birta mynd ásamt öðrum upplýsingum um verk sitt, mun stjórn fjarlægja myndina. En að sú ákvörðun verði tekin af einstaklingnum og myndhöfundinum sjálfum eða umsjónaraðila dánarbús listamannsins, en ekki af lögfræðingum Myndstefs á meðan að lögin eru svona óskýr.

Útgefið efni

Eins og áður var nefnt var tölverð aukning á dreyfingu, kynningu og sölu á bókum - útgáfur Nýló má finna í öllum Eymundsson búðum í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri. Bókabúð Forlagsins úti á Granda, Spark Design, Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Íslands og Bookie Wookie í Amsterdam. Kynningarefni hefur verið sent á flesta listaháskóla í skandinavíu og hafa listaháskólar í Svíþjóð verslað af okkur bækur (Konunglegi

Listaháskólinn og Konstfack í Stokkhólmi). Bókunum hefur einnig verið dreift til listamannarekinna rýma sem hafa bókasöfn líkt og Konsthall C og Tensta Konsthall í Svíþjóð.

S7 Árbær ekki á leið var gefin út samhliða opnun á Árbæjarsafni þann 31.maí og eftir standa aðeins nokkur eintök eftir. Útgáfan er myndræn og fræðileg úttekt á starfsemi Suðurgötu 7. Ritstjórn útgáfunnar sem kom út á opnun sýningarinnar var í umsjón Bergsveins Þórssonar, Gunnhildar Hauksdóttur, Heiðari Kára, Unnari Erni og var hönnuð af Arnari Frey Guðmundssyni.

Frumkvæði Listamanna er líklegur titill á næstu útgáfu safnsins sem er yfirlit og úttekt á listamannareknum rýmum í Reykjavík og mögulega á landsbyggðinni. Vinna við samantektina hófst árið 2007 þegar safnað var gögnum sem Nýló geymdi um listamannarekin rými og þar með lögð drög að þessu nú þekta heimildarsafni. Stefnt er á að vinna útgáfuna í nokkrum hollum. Núna er verið að útbúa handbók fyrir öll rýmin og gögnum sem þeim fylgja sem vísa beint í arkífið sem stöðugt bætir við sig um leið. Umfang bókarinnar ræðst að mörgu leyti af fjármögnun en vilji er fyrir að þýða góðan hlut hennar á ensku og jafnvel einu norðurlandamáli.

Í ritstjórn sitja Unnar Örn, Gunnhildur Hauksdóttir, Kolbrún Ýr Einarsdóttir og Þorgerður Ólafsdóttir. Hönnuður er Ámundi Agnarson.

Samstarf

Reykjavíkurborg: Vert er að undirstrika aukin samskipti Nýló og borgarinnar sem hafa verið báðum aðilum til góða. Um er að ræða stórfelldar breytingar á högum Nýló varðandi húsnæði eftir að borgin gerðist leigusali Nýló. Enn frekar kom borgin til safnsins með beiðni um að taka við Núllinu og lífga það upp sem að við munum gera ef að fjárráð fást utan ókeypis aðstöðu, sem er vissulega gott en ekki nóg til að framkvæma sýningar.

S7 Suðurgata – Árbær (ekki á leið) opnaði þann 31. maí á Listahátíð og var samstarf **Minjasafns Reykjavíkur** og Nýló. Sýning var sett upp í húsinu sem áður hýsti starfseminu í Suðurgötu 7. Verkefnið var einnig hluti af **Listahátíð í Reykjavík** sem og sýningin æ ofaní æ með verkum Hreins Friðfinnssonar í sýningarstjórn Markúsar Þór Andrússonar og Ragnheiðar Gestsdóttur.

Nýló heldur áfram samstarfi sínu við **Kvikmyndasafnið** varðandi varðveislu og flokkun á miðlatengdum verkum. Kvikmyndasafnið hefur veitt verkum safneignar viðtöku og starfsfólki vinnuáðstöðu eftir þörfum í Hafnarfirði. Verkefnið sem liggja fyrir varðandi vídeóarkífin er að klára yfirfærslu skráningar inni skráningarkerfi Kvikmyndasafnsins. Einnig er vert að nefna að Nýló fékk muni lánaða frá safninu á fyrstu tvær sýningarnar í Cyclorama seríunni, klippiborð og bíóstóla.

Safneignarfulltrúi hefur hafið samtalið við **Ljósmyndasafn Reykjavíkur** um möguleikan á forvörslu og skráningu á ljósmyndaarkífi Nýlistasafnsins og erum við að velja þeim möguleika fyrir okkur.

Stjórn skipti út sýningu á lögfræðistofu Ragnars Aðalsteinssonar; **Réttur ehf.** við Klapparstíg. Um er að ræða margra ára samkomulag um vinnuskipti en Réttur rukkar okkur ekki fyrir lögfræðipjónustu og ráðgjöf og við lánum verk úr safneign. Eins og kom fram áðan var leitað mikið til þeirra á síðasta ári varðandi Rauðsvík. Nú hanga verk eftir Franz Graf, Jónu Hlíf, Guðrúnu Einarsdóttur, Kees Visser, Dieter Roth og Árna Ingólfsson.

Byggðasafn Akranesar - var samstarfsaðili vegna Sýningu hinna Glötuð Verka í nóvember. **Kunstschlager** vann að sýningunni Sad Problems með Nýló síðasta sumar.

Sýningadúóið On site í Vín bauð Evu og Þorgerði að flytja erindi í Háskólanum í Vín um Nýló sem og taka þátt í pallborðsumræðum um íslenska myndlistarsenu í TBA, ásamt fulltrúum frá LR, i8 og KÍM. On site greiddi fyrir allan ferða og gistikostnað Nýló.

Nýló hefur átt í góðu samtali við **Safnafræði Háskóla Íslands** og þá sérlega Sigurjón Baldur Hafsteinsson varðandi samstarf deildarinnar og safnsins.

Tækjamál:

Ný tæki á árinu er HD myndvarpi sem við fengum á afar góðum afslætti, einnig 2 media spilarar, nýr prentari, myndavél og sýningakastarar. Safnið þarf að eiga betri búnað fyrir sýningahald og enn vantar ýmislegt uppá sem að safnið reynir að kaupa þegar fjárráð leyfa.

FJÁRMÁL

Framkvæmdarstjóri Kolbrún Ýr mun kynna ársreikninga og fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 hér á eftir en það er vert að taka það einnig fram í skýrslu stjórnar að vegna mikillar gætni við fjárhag safnsins og ótrúlegrar útsjónasemar, var unnið stórvirki hvað sparnað varðar. Fyrir utan hefðbundna krónutalningar var 1,600.000 milljón sem sparaðist við að stjórn neytaði réttilega að greiða leiguna af Skúlagötunni frá 1. feb - 1. júní. Frá 1. mars til 1. júlí sinnti formaður sem áður var framkvæmdarstjóri áfram fyrri stöðu sinni samhliða safnstjórávinnu, sem sparaði um 850.000 ISK í launakostnað á miklum álagstíma hjá safninu. Einnig samþykkti Reykjavíkurborg að falla frá leigugreiðslum fyrir efri hæðina fyrir árið 2014, sem annars eru 100.000 ISK á mánuði vegna allra vinnu Nýló við að koma rýminu í stand.

Styrkir sem fengust á þessu ári í sérstök verkefni var fyrst og fremst **Myndlistarsjóður** fyrir Suðurgötu 7 sýning og útgáfa, útgáfuna Frumkvæði Listamanna og sýningaröðina Cyclorama eða Hringhiminn. Alls 2.400.000 milljónir. Stjórn hefur reynt sitt ýrasta að áhafna listamönnum og aðstandendum verkefna eins mikinn pening og mögulegt er í sýningaþóknun og framleiðslukostnað en það ræðst vissulega alltaf af því hversu vel tekst að fjármagna verkefni. Fyrir Cyclorama hafa farið um 85% fenginna verkefnastyrkja beint til listamannanna og er það langt um betra heldur en tíðkast á öðrum söfnum. Ef að Nýló hefði fast fjármagn til verkefna væri þetta normið.

Fulltrúagjöldin gengu vel þetta árið og voru rétt yfir 700þús sem telur rétt yfir greiðslur helming félagsmanna. Gjöldin hafa haldist þau sömu í fleiri ár og óskandi er að fleiri sjái sér fært um að greiða þennan litla reikning- vert er að taka fram að þessi upphæð er sú eina sem er tryggð ár hvert fyrir verkefni í Nýló.

Prentmet hefur verið sterkur samstarfsaðili undanfarið ár og gefið Nýló góðan afslátt af prentun á sýningarskrám ofl. **Haugen eh.f.** hefur stutt safnið veglega með veigum frá því á Menningarnótt 2013 og er ekkert lát enn sem komið er á Beck's frá þeim.

Úr **Safnasjóði** hlaut 2.600.000 ISK fyrir verkefni safneignar á árinu. Þetta er hæsti styrkur sem að Nýló hefur hlotið frá Safnasjóði en hann var 1.400.000 í fyrra. Þó er þetta aðeins brot af kostnaði safneignar. Nýló fékk hinsvegar óvæntan skell núna þar sem Safnaráð styrkti ekki stærsta verkefni safneignarinnar - að koma að skráningu heimildasafnanna.

Nýló nýtur fjárlaga frá **Mennta - og menningarmálaráðuneyti** og **Reykjavíkurborg** út árið 2015. Augljóst er að árlegir styrkir frá báðum aðilum þurfi að halda áfram og hækka í samræmi við umfang safnsins. Áhætturekstur safnsins er afar mikill, á þessu ári sá Nýló um **56%** af eigin fjármagni og þarf að treysta alltof mikið á tilfallandi styrki og skellurinn er þar af leiðandi gríðarlegur ef ekki nógu vel gengur upp.

En Samstarf og Samhugur ársins 2014 voru hinsvegar allir þeir aðilar sem að komu að fjáröflunaráttaki Nýló, sem jafnframt var stærsti partur innkomu ársins. Í ársbyrjun 2014 átti stjórn fundi með MMR og RVK sem sögðust tilbúin að koma til móts við safnið ef stjórn næði að safna einhverri upphæð fyrir varanlegra sýningarými.

Listamenn úr röðum fulltrúa fengu margir hverjir bréf þess efnis að gefa verk til að fjármagna húsnæðismál safnsins með áherslu á varanlegra sýningarými.

Mikill fjöldi verka bárust safninu eða alls 70 talsins eftir 59 listamenn og er það skýrt dæmi um hversu traust baklandið er sem Nýló býr að og endalaus samhugur og velvilji er til staðar.

Eftir að hafa greitt kostnaðinn við uppboðið ákvað stjórn að eini peningurinn sem færi í ný húsakynni safnsins í Breiðholti væru kaup og uppsetning á nýju öryggiskerfi fyrir safneignina. Eftir standa þá rúmlega **7 milljónir króna** sem eru eyrnamerkar nýju sýningahúsnæði. Þetta var gert til að tryggja öryggi safneignar og er afar mikilvægt fyrir starfsleyfið sem er forsenda þess að Nýló verði viðurkennt safn og geti sótt um styrki hjá Safnaráði. Safnið hefur aldrei átt kerfi áður og mun það greiðast upp að fullu eftir 10 ár þar sem leigugjöld af kerfi eru helmingi hærri á mánaðarbasis.

En **Fjáröflunarsýning Nýló í Safnahúsinu opnaði þann 19. nóvember.** Vert að taka sérstaklega fram hversu vel heppnuð sýningin sjálf var í Safnahúsinu og var ein stærsta samsýning á vegum Nýló á undanförunum árum.

Ég vil taka fram fyrir hönd stjórnar hversu miklu máli þetta fjáröflunarframtak skipti fyrir safnið og framtíð þess og þakka enn og aftur öllum þeim sem komu að fjáröflunni með okkur, einnig **i8** gallerí fyrir mikinn stuðning og góð ráð og svo **Safnahúsinu** fyrir lán á risinu!

Það eru spennandi tímar framundan varðandi alla anga Nýló og ótal verkefni í gangi eins og þið hafið heyrt. Áður en ég fer að telja upp sýningar og viðburði frá síðasta ári vil ég aðeins ræða það húsnæði sem stjórn hefur litið helst til frá síðasta ársfundi. Okkar tengiliður við það rými, Marshall húsið, er eins og áður sagði Ásmundur Hrafn Sturluson sem hefur unnið mjög mikið með Nýló, teiknað og sniðið safnið að nýjum stöðum. Ásmundur hafði þá verið að móta tillögu að standsetningu og starfsemi í Marshall húsinu sem að innihéldi m.a. Nýló. Um er að ræða verulega stórt og reisulegt hús út á Granda sem er í eigu HB Granda. Það er búið að fullreyna áhugan hjá HB granda um sölu á húsinu og það stendur ekki til boða, heldur væri langtímaleiga möguleg. Tillaga Ásmundar og Steinþórs, kollega hans hjá Arkitektastofunni Kurt og Pi, er að hafa veitingastað, sjávarfangs bar & bistro á neðri hæðinni, sýningarrými Nýlistasafnsins á 2. hæð, Kling og Bang á 3. hæðinni. Ólafur Elíasson myndi svo koma til með að nota lokaðan hluta hússins og 4. hæðina undir vinnustofu og sýningarrými. Þessi tillaga stendur og fellur með því hvernig öllum þessum aðilum verður komið fyrir saman í rýminu, án þess að starfsemi þeirra skarist og hver og einn fái að vera undir eigin hatti. Og það er það sem að Ásmundur og Steinþór hafa verið að vinna að undanfarna mánuði, að teikna og hanna rýmið svo að það virki fyrir alla þessa aðila.

Um er að ræða mjög hrátt innra byrði, gólf og loft vantar á einhverjum stöðum og kostnaðurinn við standsetningu rýmisins mun slaga hátt á nokkur hundruð milljónir. Síðla hausts var þessi tillaga lögð fyrir Reykjavíkurborg til þess að kanna áhugan. Viðbrögðin hafa verið afar jákvæð og er borgarstjórinn ásamt fasteigna- og menningarsviði borgarinnar að funda mikið um aðkomu Reykjavíkur að þessum nýja listavettvangi, sem væri vissulega af nýrri stærðargráðu á Íslandi.

Ekkert hefur verið staðfest, annað en mikill áhugi allra aðila sem eiga í hlut. Stjórn hefur verið töluvert inn í þróun mála varðandi Marshall, en á hliðarlínunni og hefur lítið getað tilkynnt hingað til. En við sem í stjórn sitjum núna erum mjög jákvæð fyrir þessum möguleika sem verður alltaf raunhæfari og því teljum við alla vega tímabært að opinbera hvað er í gangi og mögulega fáum við einhverjar frekari fréttir á næstunni. Hins vegar verður stigið afar varlega til jarðar, þar sem um er að ræða miklar fjárhæðir.

Ef útlit er fyrir að þetta verður möguleiki, mun næsta stjórn boða til fulltrúaráðsfundar þar sem tillagan verður lögð fyrir fulltrúa, kostir og gallar ræddir og svo verður bara kosið um næstu skref. Gert er ráð fyrir að peningurinn sem fékkst frá uppboðinu verður nýttur í frágang sýningarýmis Nýló inn á aðra hæð Marshall. Þangað til að eitthvað verður ákveðið eru milljónirnar 7 lokaðar inn á vaxtareikning Nýló.

Ytri starfsemi - sýningar og viðburðir

Sýningin æ ofaní æ (05.04.14. – 05.06.14.) samanstóð af völdnum verkum Hreins Friðfinnsonar m.a. úr safneign Nýló, auk samnefndrar kvikmyndar um líf hans og list í leikstjórn þeirra Ragnheiðar Gestsdóttur og Markúsar Þór Andréssonar sem jafnframt

voru sýningastjórar sýningarinnar. Magnús Logi Kristinsson, sem túlkar eina af þremur persónum kvikmyndarinnar, flutti gjörning á sýningunni og ný verk bættust við eftir að Listahátíð hófst. Í lok sýningarinnar var haldið málþing þar sem Oddnýju Eir Ævarsdóttir, Ingibjörgu Magnadóttir og Huldari Breiðfjörð var boðið að koma og flytja stutt erindi um reynslu sína af sýningunni og kvikmyndinni. Eftir málþingið var Skúlagatan kvödd með freyðivíni og kaffi og við tóku flutningar og uppsetning upp í Breiðholti næstu vikur. Einnig skal því skotið hér inn að sýningin fékk tilnefningu sem ein besta sýning ársins 2014 af gagnrýnendum Morgunblaðsins.

S7 Suðurgata – Árbær (ekki á leið) (31.05.14. – 05.06.14.) Listamenn voru Erla Silfá Þorgrímsdóttir, Hrafnhildur Helgadóttir, Sæmundur Þór Helgason, Styrmir Örn Guðmundsson, Anna Hrund Másdóttir, Arna Óttarsdóttir, Arnar Ásgeirsson og Leifur Ýmir Eyjólfsson. Sýningin og útgáfan sótti sér innblástur í starfsemi sem átti sér stað í galleríi við Suðurgötu 7 í miðbæ Reykjavíkur á árunum 1977 til 1982. Starfseminni var haldið úti af ungu listafólki sem stóð að afkastamikilli og þverfaglegri menningarstarfsemi; myndlistarsýningum, uppákomum, málþingum, kvímyndasýningum og tónleikum auk þess sem gefið var út tímaritið *Svart á Hvítu*. Verkefnið var tilraun til þess að gera þessari starfsemi skil og viðleitni til að horfa á hana í sögulegu samhengi samtímalistar og byggja þannig upp nýja frásögn.

Sad Problems var gjörningaverkefni Nýsjálensku myndlistakonunnar **Amy Howden-Chapman** sem fram fór 15 júní í Gálgahrauni í Garðabæ og Kunstschlager á Rauðarárstíg. Gjörningurinn var hluti af dagskrá Nýlistasafnsins yfir sumarið og í samstarfi við Kunstschlager, verkefnið er hluti af seríu verka Howden-Chapman sem nefnast einnig Sad Problems.

Nýlistasafnið, Breiðholt - 111

Þann 18. október opnaði Nýlistasafnið formlega upp í Breiðholti með fyrstu sýningunum í lifandi safneign og verkefnarýminu. Þar með hófst sýningaröðinni **Cyclorama - Hringhiminn**. Um er að ræða fimm einkasýningar íslenskra og erlendra listamanna í umsjón stjórnar Nýló. Sú fyrsta var **Laboratory Aim Density - FOREVER! just ended**. eftir Rebeccu Erin Moran í umsjón Þorgerðar Ólafsdóttir.

Þann 1. nóvember opnaði **Sýning hinna glötuðu verka á Akranesi**, sem var samstarf Nýló og Byggðasafnsins í Görðum, Akranesi. Verkefnið var samsýning íslenskra og erlendra listamanna ásamt völdnum verkum úr safneign Nýlistasafnsins. Listmennirnir sem áttu verk á sýningunni voru Anna Fríða Jónsdóttir, Andrea McGinty, David Shapiro, Haraldur Jónsson, Huginn Þór Arason, Ívar Valgarðsson, Jamie Sneider, John M. Armleder, Kate Gilmore, María Dalberg, Perry Bard, Unndór Egill Jónsson, Unnur Mjöll S. Leifsdóttir og Þórunna Björnsdóttir. Sýningarstjórar voru Eva Ísleifsdóttir, Logi Bjarnason og Katrín Inga Jónsd. Hjördísardóttir. Verkefnastjóri var Anna Leif Elíadóttir fyrir hönd Byggðasafnsins í Görðum.

We Need Better Endings var önnur sýning Cyclorama sem opnaði þann 22. nóvember og var jafnframt fyrsta sýning sænsku listakonunnar **Vildu Kvist** á Íslandi.

Umsjónarmaður sýningarinnar var Kolbrún Ýr Einarsdóttir. Sýningin **Hópsýning eftir Örn Alexander Ámundason** opnaði þann 10. janúar í umsjón Ragnheiðar Gestsdóttur með listamannaspjalli á safnanótt. **Unndór Egill Jónsson** opnaði sýninguna sína Tvívængja eða Abreast þann 28. febrúar í umsjón Rakelar McMahan.

Svo mun **Kristín Helga Káradóttir** opna fimmtu og síðustu sýninguna í Cyclorama þann 14. maí næstkomandi, sýningin verður jafnframt hluti af dagskrá Listahátíðar og í umsjón Evu Ísleifsdóttur.

Einnig mun nýr gjörningur- OG eftir Steinunni Gunnlaugsdóttur verða frumfluttur í Nýló á Listahátíð þann 16. maí.

Stjórn hefur nú ákveðið að opna fyrir umsóknir einu sinni á ári og taka við allt að 2-3 innsendum sýningartillögum fyrir verkefnarýmið sem og safneignarsýningarýmið. Leiðbeiningar fyrir umsóknir og umsóknarfrestur verður birtur á heimasíðu safnsins í apríl mánuði.

Núllið eða Nýló Núllið

Um þessar mundir vinnur Nýló að því ásamt borg að gera upp annað af almennings-salernunum í Bankastræti, kvennamegin og setja upp annað tímabundið verkefnarými Nýló í vor og sumar. Stefnt er að því að fyrsta sýningin á Núllinu verði á Sequences sem opnar núna í apríl. Stjórn mun fara fyrir sýningahaldi og taka á móti tillögum að sýningum. Vert er að taka fram að ekkert af fjármagninu sem að fékkst fyrir uppboðið er að fara í klósettin.

Skipulag sýninga í haust og vetur stendur nú yfir og mun nýja stjórnin t.a.m. fá það verkefni að fara yfir innsendar umsóknir fyrir árið 2016 í byrjun sumars.

Nýló þakkar fyrir sig.

Skýrslu lýkur

F.h. Stjórnar og starfsfólks 2014 - 2015,
Þorgerður Ólafsdóttir